

## 184. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams Þriðjudaginn 11. júlí 2023 og hófst hann kl. 12:00.

Mættir: Auður Kjartansdóttir, , Kristinn Hallur Sveinsson, Sigrún Ólafsdóttir, Bjarni Sigurbjörnsson (varamaður Ágústu), Skúli Hreinn Guðbjörnsson.

### Dagskrá

#### 1. Kæra til Úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál.

Lögð fram kæra Réttar f.h. Náttúruverndarsamtaka Íslands dagsett 27. júlí 2023 þar sem kærð er ákvörðun Heilbrigðiseftirlits Vesturlands að veita viðbótarfrest til handa Hvals hf. vegna frávika.

Lagt fram bréf Úrskurðarnefndar um umhverfis- og auðlindamál dagsett 28. júní 2023 þar sem ofangreindri kæru er vísað frá þar sem Náttúruverndarsamtök Íslands nýtur kæruaðildar og ekki að finna lagagrundvöll fyrir kæruehimild náttúruverndarsamtaka í lögum nr. 7/1998.

*Lagt fram.*

#### 2. Starfsleyfi

##### 2.1. Hvalur hf. sækir um starfsleyfi fyrir vinnslu hvalaafurða Litla Sandi.

Drög að endurnýjuðu starfsleyfi fyrir starfsemi Hvals hf. á Litla-Sandi í Hvalfjarðarsveit vegna vatnsveitu og mengunarvarna var auglýst á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Vesturlands föstudaginn 12. maí 2023. Alls bárust 35 athugasemdir við auglýsta tillögu að starfsleyfi Hvals hf. fyrir vinnslu hvalaafurða vegna mengunarvarna. Þar af bárust þrjár athugasemdir eftir að auglýstur frestur til athugasemda var liðinn undir lok. Þær athugasemdir hafa ekki efnislega þýðingu við mat á endurnýjun starfsleyfisins.

Orðalagsbreytingar voru gerðar á 1.1, 1.3.1, 1.1.3, 1.4, 3.2. og 4.1 í drögum að starfsleyfi. Framkvæmdastjóra er falið að senda fyrirbyggjandi svör til þeirra aðila sem gerðu athugasemdir við drög að endurnýjuðu starfsleyfi Hvals hf.

*Starfsleyfi Hvals hf. á Litla Sandi er samþykkt með áorðnum breytingum til fjögurra ára.*

#### Starfsleyfi sem Heilbrigðiseftirlit Vesturlands hefur gefið út í umboði heilbrigðisnefndarinnar

2.2 Adventures Hotels ehf. nýtt starfsleyfi fyrir gisti og matsölu á Klettsbúð 9, Hellisandi. Leyfi gefið út 19. júní 2023 og gildir í 12 ár.

2.3 Ingvar Arason ehf. nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Ystumóum 2 í Hálsahreppi Borgarbyggð. Leyfi gefið út 20. júní og gildir í 12 ár.

2.4 Björgvin Guðni Sigurðsson f.h. Draumahöll ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Aðalgötu 20, Stykkishólmi. Leyfi gefið út 22. júní og gildir í 12 ár.

2.5 Guðjón Kjartansson sækir um starfsleyfi fyrir vatnsveitu vegna mjólkurframleiðslu að Síðumúlaveggjum í Borgarbyggð. Starfsleyfi var gefið út þann 19. júní og er ótímabundið.

2.6 Motorcrossklúbbur Snæfellsbæjar sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir kappaksturs og æfingabraut að Breiðinni utan Ennis, Snæfellsbæ. Leyfið var gefið út þann 23. júní til 12 ára.

- 2.7 Hagsmunafélag sumarbústaðaeigenda Ölveri sækir um nýtt starfsleyfi fyrir vatnsveitu sumarhúsa í Ölveri. Leyfið var gefið út þann 28. júní og gildir í 12 ár.
- 2.8 Skotfélag Akraness sækir um endurnýjun á starfsleyfi fyrir skotæfingarsvæði við Akrafjall. Lagt var fram bréf til aðila sem sendu inn athugasemdir við starfsleyfið með svörum heilbrigðiseftirlits Vesturlands dagsett 27. júní 2023. Starfsleyfi var gefið út 27. júní 2023 og gildir í fjögur ár.
- Greinargerð með útgefnu starfsleyfi:
- Heilbrigðiseftirliti Vesturlands barst þann 10. mars 2023 umsókn Skotfélags Akraness um endurnýjað starfsleyfi til reksturs skotæfingarsvæðis. Umsækjandi fyrir hönd Skotfélags Akraness er Stefán Gísli Örylgsson formaður skotfélagsins. Fyrra leyfi var gefið út 5. maí 2021 og gildi í tvö ár eða til 5. maí 2023. Skotæfingarsvæðið er staðsett við rætur Akrafjalls og í nágrenni við það eru gönguleiðir upp á fjallið, skógræktarsvæði með útivistarstígum, bifhjólaakstursbraut og reiðvegur. Samkvæmt Aðalskipulagi Akraness 2021-2033 er starfsemin staðsett á skilgreindu skotíþróttasvæði en svæðið er merkt ÍP-325 á skipulagsuppdraetti. Þá á Akraneskaupstaður jafnframt landspilduna.
- Hávaði er óhjákvæmilegur við starfsemi skotæfingarsvæða en þær mótvægisáðgerðir sem settar voru fram í skilyrðum fyrra leyfis virðast hafa skilað árangri og hafa engar kvartanir borist Heilbrigðiseftirliti Vesturlands vegna starfseminnar á gildistíma fyrra leyfis. Ein athugasemd barst á auglýsingartímanum og var tekið tillit til hennar við ákvörðun á starfsleyfistíma þannig að starfsleyfið er nú gefið út til fjögurra ára í stað 12. Tillaga að endurnýjuðu starfsleyfi er nú að mestu óbreytt efnislega, fyrir utan ákvæði í lið 2. þar sem taldar eru upp mótvægisáðgerðir sem nú er lokið eða lýkur í upphafi starfsleyfistímans.
- 2.9 Halldór Rune Beck sækir um nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Krumshólum Borgarbyggð. Leyfið var gefið út þann 28. júní og gildir í 12 ár.
- 2.10 Geir Gunnar Geirsson f.h. Stjórnugrís hf. sækir um framlengingu á starfsleyfi fyrir Stjórnugrís hf. á Hýrumel þar sem starfsleyfið var að renna út og ekki náðist að afgreiða nýtt starfsleyfi í tæka tíð. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands samþykkir að framlengja starfsleyfi Stjórnugrís hf. á meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu fyrir Gyltubúið Hýrumel ehf. Það er nýr rekstraraðili sem tekur á við rekstrinum við gildistöku leyfisins, á sama tíma fellur framlengingin úr gildi. Um heimild til framlengingar starfsleyfis er vísað til 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarir, m.s.br.
- 2.11 Borgarverk ehf. sækir um framlengingu á starfsleyfi fyrir verktakastarfsemi og vélaverkstæði að Sólbakka 17 þar sem starfsleyfið er að renna út og ekki næst að auglýsa og afgreiða nýtt starfsleyfi í tæka tíð. Heilbrigðiseftirlit Vesturlands samþykkir að framlengja starfsleyfi Borgarverk ehf. meðan nýtt starfsleyfi er í vinnslu. Um heimild til framlengingar starfsleyfis er vísað til 4. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarir, m.s.br.
- 2.12 Frista ehf. Food Truck Arnarstapi sækir um starfsleyfi fyrir matsöluvagn sem verður staðsettur á Arnarstapa. Útgáfudagur leyfis er 29. júní 2023 og er leyfið ótímabundið.
- 2.13 Panorama glass Lodge ehf. sækir um nýtt starfsleyfi fyrir minna gistiheimili að Lísuborgum í Hafnarlandi Hvalfjarðasveit. Leyfið var gefið út 6. júlí 2023 og gildir í 12 ár.
- 2.14 Radim Radimsson sækir um nýtt starfsleyfi fyrir Gististað að Hálsi 2 og Hálsi 3 í Mosadal Eyrarsveit. Leyfið var gefið út 9. júlí 2023 og gildir í 12 ár.

*Lagt fram.*

### 3. Umsagnir til sýslumanns

#### Umsagnir til sýslumanns rekstrarleyfi

- 3.1 Ferðabjónustan Hjalli, sækir um rekstrarleyfi til reksturs samkomusalar Flokkur II í Hlöðunni að Hjalla í Kjósarhreppi. Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 16. júní 2023.
- 3.2 Ingvar Ari Arason f.h. Ingvar Arason ehf. sækir um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, í frístundahúsi að Ystumóum 2, í Hálsahreppi, Borgarbyggð. Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 20. júní 2023.
- 3.3 Björgvin Guðni Sigurðsson f.h. Draumahöll ehf. sækir um rekstrarleyfi til reksturs gististaðar í flokki II, tegund G-íbúðir að Aðalgötu 20, Stykkishólmi. Jákvæð umsögn send 22. júní 2023.
- 3.4 Halldór Rune Beck sækir um nýtt rekstrarleyfi fyrir til rekstar gististaðar í flokki II, tegund G-íbúðir að Krumshólum, 311 Borgernes. Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits dagsett 28. júní 2023.
- 3.5 Marco Pizzolato f.h. Panorama Glass Lodge ehf. sækir um leyfi til reksturs gististaðar í flokki II, frístundahús í Lísborgum í Hafnarlandi Hvalfjarðarsveit. Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits send 6. júlí 2023

#### Umsagnir til sýslumanns tækifærisleyfi

- 3.6 Ísólfur Haraldsson f.h. Veislur og Viðburðir ehf. sækir um samkomu Lopapeyslan á Írskum dögum, þann 1. júlí frá kl. 20.00-04.00. Jákvæð umsögn Heilbrigðiseftirlits dagsett 16. júní 2023.
- 3.7 Hjördís Páldóttir f.h. Efling Stykkishólms sækir um leyfi fyrir samkomu. Stórdansleikur á Dönskum dögum þann 24. júní frá kl. 18.00-03.00. Jákvæð umsögn Heilbrigðiseftirlits dagsett 22. júní 2023.
- 3.8 Ársæll Aðalbergsson, f.h. Skóarmanna KFUM sækir um tækifærisleyfi til útihátíðar í Vatnaskógi, Hvalfjarðarsveit daganna 3. ágúst til 7. ágúst. Jákvæð umsögn veitt þann 27. júní 2023 með skilyrðum.
- 3.9 Ásborg bar ehf. sækir um tækisfærisleyfi sem viðbót við gildandi rekstrarleyfi vegna lengri afgreiðslutíma vegna Írskra daga 1. og 2. júní með opnunartíma til kl 04.00. Jákvæð umsögn heilbrigðiseftirlits með skilyrðum dagsett 29. júní 2023

*Lagt fram.*

### 4. Umsagnir til sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar um skipulagsmál

#### Skipulagsstofnun

- 4.1 Umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun dagsett 25. maí 2023 vegna tilkynningar að Björgun ehf. hyggist sækja um breytingar á gildandi leyfum til efnistöku úr Kiðafellsnámu allt að 4-5 milljón rúmmetra í stað rúmlega 1,6 rúmmetra. Umsögn heilbrigðiseftirlits send 22. júní 2023.
- 4.2 Umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun dagsett 25. maí 2023 vegna efnistöku vegna stækkunar á Hólabrúarnámu í landi Kúludalsár. Umsögn heilbrigðiseftirlits send 21. júní 2023.
- 4.3 Umsagnarbeiðni frá Skipulagsstofnun dagsett 22. júní vegna breytinga á aðalskipulagi Borgarbyggðar fyrri breytingu á landnotkun í Frístundabyggð Signýjarstaða. Umsögn heilbrigðiseftirlits send 6. júlí 2023.

#### Akraneskaupstaður

- 4.4 Umsagnarbeiðni vegna skipulagslýsingar vegna breytinga Aðal- og deiliskipulags við Jaðarsbakka á Akranesi.

## Grundarfjarðarbær

4.5 Umsagnarbeiðni vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi iðnaðar- og athafnasvæðis vestan Kvernár. Umsögn heilbrigðiseftirlits send 7 júlí 2023.

*Lagt fram.*

### 5. Starfsemi sem hefur fengið staðfesta skráningu skv. reglugerð nr. 830/2022 um skráningarskyldan atvinnurekstur skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir

5.1 ICE work ehf. Staðfesting á skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja vegna Garðabrautar 1, Akranesi. Auðkennisnúmer skráningar er 351644.

5.2 Guðrún Jónína Haraldsdóttir. Staðfesting á skráningu fyrir niðurrifi mannvirkja vegna Króksland, Borgarbyggð Fnr. 229738-010101. Auðkennisnúmer skráningar er 349665

*Lagt fram.*

### 6. Undanþágubeiðni fyrir ungmenni til að selja tóbak

Nettó Borgarnesi sækir um undanþágu fyrir tvö ungmenni til að selja tóbak. Ljóst er að umsóknin byggir á því að ekki hafi fengist starfsmenn eldri en 18 ára til starfa hjá fyrirtækinu. Heilbrigðiseftirlitið veitir fyrirtækinu undanþágu með skilyrðum í samræmi við 8. gr. laga nr. 6/2002 fyrir tvö ungmenni frá 6. júlí 2023 til 4. janúar 2024.

*Lagt fram.*

Fundi slitið kl 12.45